

Hafnarfirði, 19. janúar 2017

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, fræðslustjóri
Fræðslu- og frístundarþjónusta
Linnetstíg 3
220 Hafnarfirði

Efni: Ósk um nafnabreytingu á leikskólanum Brekkuhvammi í leikskólann Smáralund.

Með þessu bréfi er farið fram á að leikskólinn Brekkuhvammur fái að breyta nafni skólans í sitt upprunalega nafn Smáralundur.

Þann 1. mars 2011 leggur þáverandi fræðsluráð Hafnarfjarðar fram tillögu til bæjarstjórnar að rekstur leikskólans Kató verði færður undir leikskólann Smáralund en starfsemin verði að öðru leyti í óbreyttri mynd. Var þessi tillaga samþykkt samhljóða af öllum kjörnum fulltrúum.


Frá og með þessari samþykkt var farið í það að sameina skólana og hafði ekkert undirbúningsferli átt sér stað eins og er lykilatriði í breytingastjórnun og án stuðnings fræðsluyfirvalda. Stefnur skólanna voru afar ólíkar og litlu sem engu mátti breyta í starfsemi þeirra enda segir í fyrrnefndri bókun að „starfsemi verði að öðru leyti í óbreyttri mynd“.

Við stjórnendur skólans gerðum okkar besta í því að láta skólastarfið ganga upp með þessum forsendum en oft á tíðum gekk það brösulega. Ein tilraun til þess að gera þetta að einum leikskóla með tveimur starfsstöðvum var að gera nafnabreytingu og hinn 1. október 2012 var ákveðið eftir nafnasamkeppni að hinn sameinaði leikskóli fengi nafnið Brekkuhvammur.

Þann 16. des 2015 var samþykkt ákvörðun bæjarstjórnar um að loka ætti starfsstöðinni við Hlíðarbraut.

Að þessu framansögðu og þar sem að starfsstöðin við Hlíðarbraut hefur verið lögð niður og ekkert sem tengir okkur lengur við nafnið Brekkuhvamm, óskum við eftir því að við fáum að taka upp nafnið Smáralundur að nýju.

Virðingarfyllst,



Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri leikskólans Brekkuhvamms